

Fundur Ungmennaráðs 6. október 2022.

Haldinn á Hlunnó 6. október 2022 klukkan 17:00.

Mætt: Elísa Rún Vilbergsdóttir (ERV) í fjarfundi, Kristján Steinn Guðmundsson (KSG), Hrafnhildur Sara Baldvinsdóttir (HSB), Birgitta Rut Brynjólfssdóttir (BRB), Ásborg Styrmissdóttir (ÁS).

1. Ungmennaping Vestfjarða

Ungmennaping Vestfjarða verður á Laugarhóli í Bjarnarfirði fyrstu helgina í nóvember (4.- 6. nóvember).

Lagt fram til kynningar.

2. Fulltrúi ungmenna í undirbúningshópi Ungmennapings Vestfjarða.

Erindi frá Vestfjarðastofu, dagsett 5. október 2022.

Samþykkt að Birgitta Rut Brynjólfssdóttir taki sæti í undirbúningshópi, Kristján Steinn verður hennar varamaður.

3. Fjárhagsáætlun Reykhólahrepps.

Ungmennaráð leggur til við sveitarstjórn að gera ráð fyrir fjármagni í íþróttasvæði í fjárhagsáætlun næsta árs. Laga þarf svæði undir frjálsar íþróttir og huga að hlaupagreinum, stökkgreinum og kastgreinum. Jafnframt þarf að laga fótboltavöllinn og klára stúkuna. Ungmennaráð leggur til að sveitarfélagið finni stað fyrir líkamsræktina og leggi pening í að gera ræktina almennilega.

Ungmennaráð hvetur sveitarfélagið til að fjármagna aparólu, til að minnka símatíma hjá börnum og auka afþreyingu.

Ungmennaráð hvetur sveitarstjórn til að láta byggja nokkur raðhús. Það er næga vinnu að hafa en ekkert húsnæði að fá.

Laga þarf lagnir í sundlauginni og setja vaðlaug, einfalt er að setja upp saunaklefa úti í staðinn fyrir útiklefa.

Auka þarf afþreyingu og aðdráttarafl fyrir ferðamenn, jafnt sem heimamenn.

4. Framtíðarsýn ungmennaráðs.

Ungmennaráð setur fram framtíðarsýn ungmenna, unna út frá niðurstöðum ungmennapings.

Eftir 20 ár er Reykhólaskóli með yfir 100 börn í skólanum. Byggja þurfti nýjan leikskóla þar sem fólki fannst aðlaðandi að setjast að í sveitarfélagi þar sem ekki eru leikskólagjöld. Jafnframt þurfti að nýta rými leikskólans í kennslustofur. Í sveitarfélaginu búa yfir 800 manns.

Verslun og þjónusta hefur aukist til muna, nú hafa íbúar aðgang að ísbúð, pizzastað og bakaríi. Styrkleikar verslunar og þjónustu eru að vörur eru framleiddar í heimabyggð. Börnin í skólanum láta sitt ekki eftir liggja, framleiða handverk, rækta grænmeti og ýta undir sjálfbært samfélag.

Náttúruleugin á Reykhólum niðri í fjöru hefur notið mikilla vinsælda á meðal heimamanna og ferðamanna.

Nýliðunastyrkir í búskap hafa hækkað mjög mikið og gert ungu fólki kleift að setjast að á jörðum í sveitarfélaginu.

Framhaldsskóli er í sveitarfélaginu.

Fjölbreytt atvinnulíf einkennir sveitarfélagið. Margir hafa fengið störf við verslun og þjónustu við ferðamenn en líka við aukna þjónustu við íbúa þar sem heilsugæslan er opin alla daga og lögreglustöð hefur verið opnuð, Barmahlíð hefur verið stækkuð, skrifstofustörf án staðsetningar eru í húsi sem er sérstaklega hannað fyrir skrifstofustörf og frumkvöðlasetur.

Stórt Hótel er eitt af megin stoðum atvinnu á svæðinu.

Móttaka flóttamanna er til fyrirmyndar og hafa flóttamenn aðlagast samfélaginu vel.

Miðbær Reykhóla er litríkur og fallegur.

Spa Center Reykhólar í miðbænum sér til þess að allir líti vel út og er með hárgreiðslustofu, naglastofu, snyrtistofu og nudd.

Grænmetis framleiðsla hefur aukist og gróðurhúsum fjölgað.

Fleiri trjám hefur verið plantað við Reykhóla svo nú er skjól.

Hvanngarðabrekka er fyrirmyndar útivistarsvæði.

Samkomuhús (með innbyggðu sviði) hefur verið byggt og er mikið notað af íbúum fyrir hina ýmsu viðburði.

Fundi slitið klukkan 17:51